

Norðurlönd og hin andlega forusta mannkynsins.

Mér kom í hug — sem oftár — er eg hlýddi á hið fróðlega erindi Þórðar Kristleifssonar um Chopin, hve mjög Norðurlandamenn eru vanmetnir. T. d. er hið fræga útfararlag Chopins, sem leikið var í kvöld, að visu mjög merkilegt, en kemst þó ekki í hálfkvist við samskonar lag eftir Joh. Svendsen, sem vel mætti nefna „Huggun“ (og útvarpið lofar oss aldrei að heyra, jafnvel þó að frábær snillingur á orgel, standi fyrir tónlistinni þar!) Polonaise hins mikla norska tónskálds, tekur einnig langt fram samskonar tónsmíðum eftir Chopin, sem eru þó stórum frægari. —

Yfirleitt er óhætt að segja, að sá skaði sem af því hefir hlotist, að andans menn Norðurlanda hafa ekki verið að verðleikum metnir, er ómetanlegur. Það er jafnvel óhætt að fara svo langt að segja, að ef Norðurlönd hefðu þegar skipað það öndvegi meðal þjóðanna í andlegum efnum, sem þeim er svo greinilega ætlað, þá væri ekki sú ógurlega óöld, sem nú er og ennþá verður ekki séð fyrir endann á.

29. maí 1942.

Helgi Pjetursen.

Visu
6 júlí
1942